

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag þriggja spildna úr landi Áss.*

Skipulagssvæðið nær til um 60 ha svæðis og þriggja spildna (Ásborg, lnr. 220762, Ás 1, spilda 2, lnr. 220760, Ás 1, land 1, lnr. 175232). Á hverri spildu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir allt að 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús á 1-2 hæðum, allt að 60 m<sup>2</sup> bílskúr/gestahús og allt að 500 m<sup>2</sup> skemmu. Á byggingarreit Ú1, Ásborg, lnr. 220762, er þó heimilt að byggja allt að 2.000 m<sup>2</sup> skemmu/útihús. Mesta hæð á mæni íbúðarhúsa og bílskúra/gestahúsa getur verið allt að 7 m miðað við yfirborð jarðvegs umhverfis viðkomandi hús og á skemmum/útihúsum allt að 8 m miðað við yfirborð jarðvegs umhverfis viðkomandi hús. Aðkoma að spildunum er af Suðurlandsvegi um Ásveg nr. 275 og um núverandi aðkomuveg.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. maí 2016.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2016